



Kópavogi, 15. nóvember 2022
22114511/210.01 ABS

Erindisbréf starfshóps um skipulag og starfsumhverfi leikskóla Kópavogsbæjar

I. Kafli Skipan og umboð

Bæjarráð Kópavogs ákvað á fundi sínum þann 1. desember að setja á laggirnar starfshóp um skipulag og starfsumhverfi leikskóla Kópavogsbæjar.

1. gr.

Starfshópur leikskólamála er skipaður af bæjarráði Kópavogs og heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs. Starfshópurinn er skipaður um afmarkað verkefni, sem er að leggja fram tillögur að breytingum á skipulagi og starfsumhverfi leikskóla.

Umboð starfshópsins getur bæjarstjórn afturkallað hvenær sem er og fellur það sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar.

2. gr.

Í hópnum eiga sæti 13 fulltrúar; starfsfólk leikskóla, foreldra, starfsfólks menntasviðs og kjörinna fulltrúa:

- Fjórir fulltrúar stjórnenda og starfsfólks leikskóla (tilnefndir af leikskólastjórum)
- Formaður leikskólanefndar
- Fulltrúi meirihluta í Bæjarstjórn (tilnefndur af meirihluta)
- Fulltrúi minnihluta í Bæjarstjórn (tilnefndur af minnihluta)
- Fulltrúi foreldra (tilnefndur af Samleik)
- Fulltrúi Félags leikskólakennara (tilnefndur af FL)
- Fulltrúi Félags stjórnenda í leikskólum (tilnefndur af FSL)
- Fulltrúi Starfsmannafélags Kópavogs (tilnefndur af Sfk)
- Deildarstjóri leikskóladeildar
- Sviðsstjóri menntasviðs

Formaður hópsins er formaður leikskólanefndar.

Hópurinn skal leggja mat á núverandi stöðu leikskólastarfs og mögulegar leiðir til umbóta í skipulagi starfsumhverfis barna og starfsfólks í leikskólum Kópavogs.

Hlutverk starfshópsins er að koma með tillögur að breytingum á skipulagi leikskólastarfs í Kópavogi með það að markmiði að bæta stöðugleika og starfsumhverfi barna og starfsfólks leikskóla.



Meginhlutverk starfshópsins er eftirfarandi:

- Greina núverandi stöðu leikskólastarfs m.t.t. gæða faglegs starfs, starfsánægju og stöðugleika í starfsumhverfi bæði barna og starfsfólks
- Meta mögulegar leiðir til breytinga á núverandi skipulagi leikskólastarfs með það að leiðarljósi að styrkja til framtíðar faglegt og árangursríkt leikskólastarf og uppbyggjandi starfsumhverfi, m.a. í þeim tilgangi að laða að starfsfólk í leikskólum, jafnt faglært sem ófaglært, og draga úr starfsmannaveltu.
- Útfæra og sammælast um tillögur sem lagðar verða fyrir leikskólanefnd og Bæjarráð Kópavogs.

Fundir og starfshættir

3. gr.

Menntasvið leggur starfshópnum til verkefnastjóra og leikskólaráðgjafa sem eru starfsmenn starfshópsins og sitja fundi með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmenn eru fyrst og fremst starfshópi til ráðgjafar.

Starfsmenn undirbúa dagskrá funda starfshóp í samráði við formann, boða fundi, rita fundargerð, fylgja eftir samþykktum funda og afla gagna, rita fundargerð.

Starfshópurinn skal í upphafi vinnu gera starfsáætlun og funda jafn oft og þurfa þykir. Geti fulltrúi ekki sótt fundi skal hann tilkynna forföll.

4. gr.

Fundir skulu fara fram skv. starfsáætlun en annars boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Formaður starfshóps stýrir fundum. Starfshópurinn hefur umboð til að kalla starfsfólk Kópavogsbæjar til fundar og fela þeim verkefni.

Hópnum er heimilt að kaupa að þjónustu vegna vinnu sinnar en skal leita samþykkis bæjarráðs vegna kostnaðar og leggja fram kostnaðaráætlun.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir störf í starfshópnum.

5. gr.

Starfshópurinn skal skila skýrslu og fullbúnum tillögum til bæjarstjóra fyrir 1. apríl 2023.

Starfshópurinn skal leitast við að leggja fram sameiginlegar tillögur. Náist ekki samstaða um tillögur ræður einfaldur meirihluti nefndarmanna hvaða tillögur eru lagðar fram.

Minnihluta er heimilt að gera grein fyrir afstöðu sinni og/eða skila sértillögum.



6. gr.

Samþykkt í bæjarstjórn / bæjarráði x. 1. desember 2022

